



Knattspyrnudeild Leiknis R.

Oscar Clausen, formaður

Helgi Óttarr Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

Knattspyrnufélag Breiðholts

Elvar Geir Magnússon, formaður

Örn Þór Karlsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 1. október 2020

Úrskurður: Leiknir/KB – Þór í B deild 2. flokks karla þann 20. september 2020
--

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 29. september 2020, var tekið fyrir mál vegna skýrslu frá dómara í leik Leiknis/KB og Þór í B deild 2. flokks karla sem fram fór þann 20. september sl. Með vísan til ákvæðis 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti. Í skýrslu dómara segir m.a.:

„Á leikskýrsluna vantaði nær öll treyjunúmer hjá heimamönnum og nafn aðalþjálfara heimaliðsins [Leon Einar Pétursson] vantaði einnig inn á leikskýrsluna sem er ekki í fyrsta skipti hjá þessu liði. Hann var ekki búinn að láta mig vita áður en leikur byrjar að hann er ekki skráður inn á skýrslunni sem er skylda hans þar sem hann stjórnar liðinu sínu í þessum leik.“

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 8. september sl. var Leon Einar Pétursson úrskurðaður í tveggja leikja bann vegna brottvísunar í leik Leiknis/KB og HK/Ýmis í B deild 2. flokks karla þann 5. september 2020. Vegna þess hafi Leon Einar með réttu átt að taka út síðari leik sinn í leikbanni í fyrrnefnum leik Leiknis/KB gegn Þór þann 20. september. Vegna þess og með hliðsjón af skýrslu dómara í leiknum, taldi aga- og úrskurðarnefnd að þau atvik sem lýst er í skýrslu dómara gætu varðað við ákvæði 36.1. og 36.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá knattspyrnudeildum Leiknis og KB vegna málsins áður en það yrði tekið fyrir á fundi þriðjudaginn 29. september 2020. Tilvitnuð ákvæði 36.1. og 36.3. eru svohljóðandi:

36.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 50.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 50.000.

36.3. Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 29. september lá fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild Leiknis R., dags. 28. september 2020. Að henni virtri og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að Leiknir R. hafi notað þjálfarann Leon Einar Pétursson, í leik Leiknis/KB og Þór í B deild 2. flokks karla þann 20. september sl., sem hafi með réttu átt að taka út leikbann. Á grundvelli ákvæðis 13.7. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiksloka. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.

Jafnframt er það mat aga- og úrskurðarnefndar að leikskýrsla í leik Leiknis/KB og Þórs í B deild 2. flokks karla hafi vísitandi verið ranglega fyllt út af hálfu Leiknis/KB. Nafn þjálfara Leiknis/KB, Leon Einar Pétursson, hafi ekki verið skráð á leikskýrslu þrátt fyrir að hann hafi í raun verið í hlutverki þjálfara liðs Leiknis/KB og stýrt liðinu í framangreindum leik.

Hefur nefndin því ákveðið, með vísan til ákvæða 36.1. og ákvæða 36.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að sekta knattspyrnudeild Leiknis og knattspyrnudeild KB samanlagt um samtals kr. 100.000,- og um leið að úrskurða Leon Einar Pétursson, þjálfara Leiknis/KB í 2. flokki karla, í tveggja leikja bann. Leikbann Leons Einars Péturssonar tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar og bætist við þriggja leikja bann sem Leon var úrskurðaður í á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 22. september sl. Í samræmi við grein 36.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er liði Þórs úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðsins gegn Leikni/KB í B deild Íslandsmóts 2. flokks karla þann 20. ágúst 2020.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Leiknis R. og knattspyrnudeild KB skulu sæta sekt samanlagt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ. Leon Einar Pétursson skal sæta leikbanni í 2 leiki í keppnum á vegum KSÍ og tekur leikbann Leons gildi við uppkvaðningu úrskurðar og bætist við þriggja leikja bann sem Leon var úrskurðaður í á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 22. september 2020. Úrslitum í leik Leiknis/KB og Þórs í B deild Íslandsmóts 2. flokks karla, þann 20. september sl., er breytt og Þór úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson